

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 61/1999**

**frá 28. maí 1999**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/1999 frá 29. janúar 1999<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/66/EB frá 4. september 1998 um breytingu á tilskipun 95/31/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

*I. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 46a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 L 0066:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/66/EB frá 4. september 1998 (Stjtið. EB L 257, 19.9.1998, bls. 35).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 31 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 257, 19.9.1998, bls. 35.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/66/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. maí 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*